

# Ungmennasambandið Úlfljótur

84. ársþing



Haldið í Jöklaveröld, Hoffelli

16. mars 2017

## **Stjórn USÚ 2016**

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður  
Kristján Örn Einarsson, ritari  
Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

## **Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Gestur Halldórsson, Bryndís Hólmarsdóttir og fulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

## **Skoðunarmenn reikninga**

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson.

## **Aðildarfélög USÚ**

Ungmennafélagið Sindri

formaður: Gunnhildur Lilja Gísladóttir

framkv.stj: Jóna Benný Kristjánsdóttir

- *Badmintondeild – ekki starfandi á keppnisgrundvelli*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuboltadeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild
- *Kraftlyftingadeild – ekki starfandi*

Ungmennafélagið Máni

formaður: Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

form. Pálmi Guðmundsson

Golfklúbbur Hornafjarðar

form. Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfa

form. Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Jón Kjartansson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Ingólfur Guðni Einarsson

*Ungmennafélagið Hvöt – ekki starfandi*

*Ungmennafélagið Valur – ekki starfandi*

*Ungmennafélagið Vísir – ekki starfandi*

## **Dagskrá 84. ársþings USÚ**

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reiknina sambandsins.
9. Ávörp gesta.

## **Þinghlé**

10. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
12. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
13. Útnefning íþróttamanns ársins 2016
14. Kosning.
  - a. Kosning stjórnar
  - b. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
  - c. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
  - d. Kosning landsmótanefndar
15. Önnur mál
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

## Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2016

Starf stjórnar hefur verið með hefðbundnum hætti frá því að hún tók við á síðasta ársþingi sem haldið var á Hótel Höfn þann 17. mars 2016, þar sem ný stjórn var kjörin. Páll Róbert Mattíasson lét af störfum sem formaður og inn í stjórn kom Kristján Örn Ebenezarson. Stjórnin skipti með sér verkum stuttu síðar og gerðist Jóhanna Íris formaður, Sigurður Óskar gjaldkeri og Kristján Örn ritari. Stjórnin hefur fundað reglulega síðan.

Veitt voru hvatningarverðlaun til íþróttamanna sem staðið hafa sig vel í sinni íþróttagrein og voru það þau Birkir Freyr Elvarsson, Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir og Gísli Þórarinn Hallsson sem hlutu viðurkenninguna í þetta skiptið. Íþróttamaður ársins 2015 var Ingibjörg Valgeirsdóttir. Matthildur Ásmundardóttir var sæmd starfsmerki UMFÍ og Valdemar Einarsson gullmerki ÍSÍ.

USÚ sendi sína fulltrúa á þá fundi og þing sem okkur bar. Nokkur ungmenni fóru á ráðstefnuna „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin var á Selfossi í mars. Fulltrúi USÚ fór á 40. sambandsráðsfund UMFÍ sem haldinn var á Laugum í Sælingsdal í október og einnig fór fulltrúi USÚ í heimsókn á Bessastaði í byrjun desember þegar forseti Íslands bauð sjálfboðaliðum heim á alþjóðlegum degi sjálfboðaliða.

Hreyfivika UMFÍ var haldin dagana 23.-29. maí og stóð USÚ fyrir ýmsum hreyfiviðburðum svo sem gönguferðum, leikjadegi fjölskyldunnar, brennibolta, strandblaki, hlaupum um Höfn, street ball, hjóladegi og fleiru. Segja má að þátttaka hafi verið afar dræm og þykir formanni það miður, við megum vera mun duglegri við það að nota grænu svæðin okkar og fara út að leika okkur, því öll hreyfing skiptir máli. Í ár er uppi sú hugmynd að endurvekja „Í formi“ mótið sem haldið var í nokkur ár hér á Höfn með góðri þátttöku og tengja það inn í Hreyfivikuna sem haldin verður 29. maí til 4. júní og bindum við vonir okkar við að það muni efla þátttöku.

Í byrjun júní fóru formaður og bæjarstóri á fund stjórnar UMFÍ til þess að sækja formlega um að fá að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2019. Á Unglingalandsmótinu í Borgarnesi sem haldið var um verslunarmannahelgina, þar sem nokkur fjöldi keppanda frá USÚ var staddur var svo tilkynnt að USÚ hefði verið valið til þess að halda Unglingalandsmótið 2019.

Undirbúningsvinna er þegar farin af stað og hefur verið stofnaður starfshópur sem mun halda utan um undirbúninginn.

Úthlutað var úr styrktar- og afrekssjóði sem fékk góðan styrk á árinu en ágóði minningarmóts Gunnars Hersis í golfi rann í sjóðinn og þökkum við aftur kærlega fyrir þann stuðning. Í ár verður úthlutað tvisvar sinnum úr sjóðnum eins og samþykkt var á síðasta þingi, vegna aðkomu sveitarfélagsins. Það verður gert núna í mars og á haustmánuðum.

Mig langar að minna á hversu lítið Ungmennafélagið Sindra vantar upp á til þess að geta orðið fyrirmyndarfélag ÍSÍ og mig langar að hvetja til þess að þessi vinna verði kláruð því við getum sannarlega verið stolt af félaginu þar sem mikil og góð vinna er þar í gangi.

Mig langar einnig til þess að hvetja alla til að kíkja inn á heimasíðu USÚ, [www.usu.is](http://www.usu.is) en þar má finna lög sambandsins, metaskrá í frjálsum, fréttir og ýmis konar fróðleik tengdan sambandinu og einnig vil ég minna á heimasíðu UMFÍ [www.umfi.is](http://www.umfi.is) þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ, en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna.

Að lokum vil ég þakka ykkur fyrir allt það góða og óeigingjarna sjálfboðaliðastarf sem þið leggið til við að halda uppi því öflugum ungmenna og íþróttastarfi sem er hér í sveitarfélaginu.

## **Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ**

Á árinu 2016 var úthlutað úr sjóðnum til fimm einstaklinga. María Birkisdóttir (frjálsar íþróttir) og Áróra Dröfn Ívarsdóttir (frjálsar íþróttir) fengu báðar 100.000 kr. og Gísli Þórarinn Hallsson (körfubolti), Birkir Freyr Elvarsson (blak), og Hildur Margrét Björnsdóttir (fimleikar), 75.000 kr. hver, hlutu styrki til æfinga- og keppnisferða.

Í byrjun júní var haldið golfmót til minningar um Gunnar Hersi Benediktsson og rann ágóðinn af því, 177.000 kr., í styrktar- og afrekssjóð USÚ.

## Ársreikningur USÚ 2016

	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>		
Lottó	5.013.645	4.273.796
Styrkir	212.140	177.612
Aðrar tekjur	14.000	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>5.239.785</b>	<b>4.451.408</b>

<b>Rekstrargjöld</b>		
Lottó til aðildarféлага	4.229.866	3.644.123
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	361.653	0
Auglýsingar og heimasíða	6.230	94.099
Verðlaun	25.111	43.174
Ferða- og fundakostnaður	126.527	249.787
Styrkir	512.140	700.049
Annar mótakostnaður	26.000	0
Annað	29.183	0
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>5.316.710</b>	<b>4.731.232</b>

<b>Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>-76.925</b>	<b>-279.824</b>
---	----------------	-----------------

<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur	51.322	38.259
Fjármagnstekjuskattur	-10.264	-7.651
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>41.058</b>	<b>30.608</b>

<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>-35.867</b>	<b>-249.216</b>
---------------------	----------------	-----------------

Efnahagsreikningur 31.12.2016

<b>Eignir</b>		
Bankainnistæður	5.598.916	5.634.783
<b>Eignir alls</b>	<b>5.598.916</b>	<b>5.634.783</b>

<b>Skuldir</b>		
Ógreitt lottó til aðildarféлага v. áramót	1.583.226	1.971.852
Ógreiddir reikningar	0	0
<b>Skuldir alls</b>	<b>1.583.226</b>	<b>1.971.852</b>

<b>Skuldir og eigið fé 31.12.2016</b>	<b>4.015.690</b>	<b>3.662.931</b>
<i>Að meðtöldum afrekssjóði</i>	9.689.073	9.101.674

## Skýringar


- 1) Getraunir. Fer allt í rekstur tippstofu Sindra.
- 2) Hlutur USÚ í iðkendagjaldi FRÍ. Reikningar fyrir 2015 og 2016 voru báðir borgaðir 2016.
- 3) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár. Auk þess var síðan hökkuð árið 2015 og kostaði 57.660 kr. að laga hana.
- 4) Umf. Sindri fékk styrk vegna kaupa á leikkluðu upp á 300.000 kr.
- 5) Aðallega fánar fyrir setningarathöfn Unglingalandsmóts.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Haldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

## Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2016

	2016	2015
<b>Rekstrartekjur</b>		
Lottó	361.653	0 6)
Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafirði	0	0 7)
Styrkir	177.000	0
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>538.653</b>	<b>0</b>

<b>Rekstrargjöld</b>		
Styrkir	425.000	195.300
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>425.000</b>	<b>195.300</b>

<b>Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði</b>	<b>113.653</b>	<b>-195.300</b>
---	----------------	-----------------

<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur	219.033	176.324
Fjármagnstekjuskattur	-43.806	-35.264
<b>Fjármagnsliðir alls</b>	<b>175.227</b>	<b>141.060</b>

<b>Hagnaður/Tap</b>	<b>288.880</b>	<b>-54.240</b>
---------------------	----------------	----------------

Efnahagsreikningur 31.12.2016

<b>Eignir</b>		
Aftekssjóður	5.673.383	5.384.503
<b>Eignir alls</b>	<b>5.673.383</b>	<b>5.384.503</b>

6) Samþykkt var á þingi árið 2015 að veita 5% af lottótekjum í sjóðinn, en það gleymdist því miður að millifæra upphæðina á réttu ári. Það var þó gert ráð fyrir því í úthlutun ársins 2016.

7) Sveitarfélagið Hornafjörður kom inn í rekstur sjóðsins á síðasta ári, og mun leggja í hann fjármuni fyrst á þessu ári, 2017.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Haldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.



## Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Hornafjarðarbæ, Austur- Skaftafellssýslu.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþróttá og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Ársþing skal halda til skiptis hjá félögum. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögum með þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага eða brot úr því sem nemur 2/3 hluta eða meira. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning. Álit Kjörnefndar.
  - Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera endurskoðendur aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin endurskoðendur)
  - Kosning fulltrúa á Íþróttabing (ÍSí þing).
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

#### 10. gr. Aukabing:

Aukabing má halda ef nauðsyn krefur eða tilkynningafrestur til aukabings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukabing eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukabingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

#### 11. gr. Stjórn:

Stjórn USÚ skal skipuð fulltrúum allra aðildarféлага sambandsins. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundir skal halda minnst 4 sinnum á ári.

#### 12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

#### 13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14.gr.

Sambandið og aðildarfélög þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

*Lögum þessum var síðast breytt á 73. ársþingi USÚ, 9. mars 2006.*

### **Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ**

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 82. ársþingi USÚ, í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015.

# Starfskýrslur aðildarféлага

## Starfsskýrsla aðalstjórnar Umf. Sindra

### Ársreikninga Sindra má finna á [www.umfsindri.is](http://www.umfsindri.is)

Í byrjun febrúar sagði Valdemar Einarsson, þáverandi framkvæmdastjóri Sindra, upp störfum og lauk hann störfum hjá félaginu þann 31. mars. Ákveðið að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra í staðarmiðlum og miðlum á landsvísu. Fimm umsóknir bárust og var niðurstaðan sú að ráða Jónu Benný Kristjánsdóttur í starfið. Hún tók til starfa 1. apríl.

Á aðalfundi 15. mars 2016 talaði formaður um að gera þyrfti starf Sindra sýnilegra í samfélaginu. Einnig var nefnt að fækkun iðkenda gæti leitt til þess að deildir þyrftu að íhuga meira samstarf. Bílamálin á þessum tíma þóttu í góðum málum og var eign Sindra 2 1/2 bíll. Þá var einnig rætt um ÍFORMI mótið og framtíð þess. Gunnhildur Gísladóttir og Gauti Árnason gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa. Halldóra Guðmundsdóttir lét af störfum í aðalstjórn og inni í stjórn kom Stefanía Anna Sigurjónsdóttir. Formenn allra deilda koma sjálfkrafa inn í aðalstjórn Sindra. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund var Kristján Guðnason kosinn varaformaður. Aðalstjórn hélt átta stjórnarfundum á árinu.

Sýnileiki Sindra í miðlum hefur aukist en til að vel takist til þarf að vera gott skipulag innan hversrar deildar. Viðkomandi deildir geta komið efni til framkvæmdastjóra til að birta eða sjá sjálfar um að birta á sínum facebook-síðum.

Fækkun iðkenda hefur orðið til þess að sameina hefur þurft breiðari aldurshóp í íþróttagreinum til að geta haldið úti æfingum.

Bílamálin voru mikið til umræðu á árinu en sýnt þótti að eignarhluti Sindra í 21 sæta rútu með Fallastakki væri ekki að nýtast félaginu sem skildi. Þessi stærð af bíl hentar illa vegna lítilla möguleika á ökumönnum með meirapróf. Kostnaður vegna ferðalaga hjá félaginu er orðinn allt of mikill, þrátt fyrir bílaeign, og því þarf að bregðast við. Bílanefnd var kosin til að fara í saumana á þeim málum og skoða hvaða leið væri best fyrir félagið í heild. Sú vinna færðist yfir á árið 2017.

Ákveðið var að endurvekja ÍFORMI mótið á vordögum 2017 og er það tilhlökkunarefni.

Skráning í Nóra vafðist mikið fyrir okkur um tíma en í árslok töldum við að komið væri gott skipulag á skráningu iðkenda og innheimtumál deildanna. Gjaldkerar deilda eru mikilvægir aðilar í þessari vinnu. Nori hjálpar okkur ekki síst við að halda utan um iðkendafjölda en sá fjöldi hefur áhrif á ýmsa útreikninga þegar kemur að styrkjum og öðrum tekjum eins og lottó.

Aðalstjórn Sindra kom að 17. júní þetta árið. Venjulega var það í höndum einnar deildar að sjá um þennan dag en eitthvað fór þetta fyrir ofan garð og neðan þetta árið og því voru góð ráð dýr. Allar deildir reyndu að leggja sitt af mörkum til að halda daginn hátíðlegan en stuttur

undirbúningstími leiddi til þess að framkvæmdin var kannski ekki eins góð og hún hefði getað orðið.

Aðalstjórn Sindra stofnaði þríþrautardeild til að þátttakendur í slíkri þraut gætu tekið þátt í mótum og unnið til verðlauna. Hún er smá í sniðum og hefur engan rekstur. Þar af leiðandi hefur ekki verið krafa um sérstaka stjórn innan þeirrar deildar.

Vanda Sigurgeirsdóttir kom um mánaðarmótin október/nóvember og flutti erindi. Mæting hefði mátt vera betri því það var margt sem hún sagði, bæði nýtt og gamalt sem gott er að rifja upp, sem við þurfum að hafa í huga þegar við hugsum um að halda börnum í íþróttum.

Mikilvægt var að fara í endurskoðun á ýmsum málum félagsins og samræma. Sú vinna var í gangi allt síðast liðið ár og mun væntanlega aldrei taka enda, en skýrir verkferlar eru nauðsynlegir til að öllum sé ljóst hvernig gott sé að standa að hlutunum og að nýtt fólk sem kemur til starfa fyrir félagið geti gengið að því nokkuð vísu hvernig best sé að haga málum. Trúðverðugleiki félagsins felst ekki síst í skilvirkum, samræmdum og öguðum vinnubrögðum.

Ákveðið var að renna þyrfti styrkari stoðum undir starfsemi félagsins og verkefnið „Íþróttabærinn Hornafjörður“ var sett á laggirnar. Halda átti vinnuhelgi í nóvember en vegna mikilla anna bæði hjá keppendum og stjórnarfólki Sindra var henni frestað til febrúar 2017. Markmiðið með þessu verkefni er að fara í naflaskoðun með það að leiðarljósi að gera starf Sindra skilvirkara og hvetja til aukinnar þátttöku í starfi félagsins.

Eins og alltaf gætum við ekki staðið fyrir rekstri Sindra nema vegna styrktaraðila okkar. Sveitarfélagið Hornafjörður og Skinney-Þinganes ehf styðja vel við bakið á félaginu ásamt fleiri aðilum. Kunnum við styrktaraðilum okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þá er ekki síður mikilvægt að þakka öllum þeim sem koma að sjálfböðastarfi fyrir félagið, hvort heldur með stjórnarsetu, tenglavinnu, rútuakstri, fararstjórn ofl. Ykkar starf er ómetanlegt.

f.h. aðalstjórnar Sindra, Gunnhildur Lilja Gísladóttir, formaður

### **Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra**

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2014 sátu Kristján Sigurður Guðnason formaður, Gunnar Ingi Valgeirsson gjaldkeri og Linda Hermannsdóttir ritari.

Stjórn knattspyrnudeildar Sindra fundar reglulega eftir verkefnum hverju sinni.

Markmið og stefna stjórnar er að efla knattspyrnuíðkun og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórn, hlúa vel að og efla yngri flokkana og styðja við framtíðaruppbyggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra.

Knattspyrnuskóli Sindra hefur fest sig í sessi og er einkar jákvætt að Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari karla hefur verið einn af leiðbeinendum frá upphafi ásamt frambærilegum leiðbeinendum og margir hverjir lagt á sig langa leið til að liðsinna okkur í þessu ánægjulega verkefni.

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar er mjög góð og Báran gerir okkur kleift að taka að okkur verkefni eins og t.d knattspyrnuskólann og einnig verða allar æfingar yfir vetrartímamarkvissari, en betur má ef duga skal og við eigum að setja okkur háleit markmið og búa til langtíma plön með aðstoð bæjaryfirvalda og einstaklinga þar sem áframhaldandi uppbygging á íþróttasvæðinu til næstu 10 ára verður ákveðin.

Auðunn Helgason þjálfari meistaraflokks karla lét af störfum í október að eigin ósk og þökkum við honum vel unnin störf. Við hans starfi tók Samir Mesetovic og mun hann stýra mfl. karla næstu þrjú árin. Ingvi Ingólfsson hefur tekið við þjálfun mfl. kvenna næstu þrjú árin.

Á haustmánuðum tók til starfa yngriflokkaráð sem gerir starfið hjá yngri flokkum markvissara og öflugra en er það hugmyndin að yngriflokkarnir verði í framtíðinni alfarið sjálfstæðir bæði fjárhagslega og faglega. Helsta ógn við starf knattspyrnudeildar Sindra er fækkun iðkenda sem leiðir til nauðsynlegrar hagræðingar og þurfa flokkar jafnvel að æfa saman eins og dæmi eru um. Staða okkar landfræðilega gerið okkur illmögulegt að sameinast öðrum félögum líkt og margir í kringum okkur eru að gera.

Þeim fjölmörgu þjálfurum og aðstoðarfólki sem komu að þjálfun og vinnu fyrir félagið þökkum við velunnin störf.

Rekstur deildarinnar er umtalsverður, mikil og löng ferðalög gera reksturinn þungan en tekist hefur undanfarin ár að halda ágætum stöðugleika í fjármálum.

Að lokum vill knattspyrnudeild Sindra koma fram þakklæti til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem lagt hafa deildinni lið á árinu 2016. Án þeirra væri þetta illmögulegt.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra, Kristján Sigurður Guðnason

### **Ársskýrsla yngriflokkaráðs Sindra**

Á haustdögum tók til starfa yngri flokkaráð Sindra í knattspyrnu. Meginhlutverk þess er eins og segir í handbók félagsins að halda utan um starfsemi yngri flokka, vera tenglum til stuðnings í þeirra starfi, ráða þjálfara yngri flokka og setja upp tímatöflu deildarinnar í samráði við þjálfara og aðrar deildir. Nokkuð vel gekk að ráða þjálfara yngri flokka haustið 2016 en nokkrar mannbreytingarhafa átt sér stað milli ára.

Vegna fækkunar iðkenda hefur verið farin sú leið að strákar og stelpur í 7. og 6. flokki æfa saman. Einnig var ákveðið að vegna fárra iðkenda í 4. flokki bæði karla og kvenna myndu þau æfa með 3. flokki

Einnig var ráðist í það verkefni að skilja að fjárhag yngri flokka og fjárhag meistaraflokka. Fjárhagur ársins 2016 er viðunandi en tíminn leiðir í ljós hvernig tiltekst með aðskilinn fjárhag yngri flokka og meistaraflokka. Ákveðið var að hækka æfingagjöld allra yngri flokka og kostar tímin nú 550 kr. Æfingagjöld höfðu staðið í stað síðan fyrir 2008 og ljóst að endar myndu ekki ná saman með óbreyttum æfingagjöldum. Munar þá mestu um fjölda iðkenda.

Undangengið ár var farið á hin hefðbundnu mót auk þess sem 3. flokkur fór til Spánar í æfingaferð. Gengi flokkanna var með ágætum en skortur á iðkendum í sumum flokkum kom niður á árangri þeirra.

Samstarfið við Neista hefur verið að styrkjast jafnt og þétt. Reynslan sem komin er á það samband lofar góðu fyrir framhaldið. Engum blöðum er um að fletta að það styrkir suma flokka verulega og vonandi geta þau í Neista sagt sömu sögu af samstarfinu við okkur. Við ættum að leggja rækt við að styrkja það enn frekar með framtíðina í huga.

Umgjörð um iðkendur ræðast ekki bara af aðstæðum til æfinga og hæfni þjálfara. Hvatning okkar forelda og þátttaka er ekki síður mikilvæg. Íþróttafélagið okkar verður ekki stærra en það sem við sjálf leggjum af mörkum til að láta hlutina ganga vel fyrir sig. Við hvetjum því alla foreldra að taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem fólk getur og treystir sér til.

7. mars 2016, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Kristján Rögnvaldsson, Trausti Magnússon og Sandra Sigmundsdóttir

### **Ársskýrsla blakdeildar Sindra**

Á síðasta aðalfundi blakdeildar var stjórnin endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum. Stjórnin er þannig skipuð að Páll Róbert Matthiasson er formaður, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir er ritari og Valgeir Steinarsson er gjaldkeri. Sérlegur aðstoðarmaður gjaldkera er Gunnhildur Gísladóttir og vil ég þakka henni sérstaklega fyrir hjálpina.

Á árinu var starfsemi blakdeildar með hefðbundnu sniði. Æft var tvisvar sinnum í viku og voru æfinga í 4 flokkum, 4. fl., 3. fl., mfl. kvenna og mfl. karla. Virkir iðkendur voru u.þ.b. 40 á árinu.

Þjálfarar voru Jóhanna Björg, Brynjúlfur Brynjólfsson, Páll Róbert, Jóna Benný sem var pínd til að taka mfl. kvenna í haust og leysti það snilldarlega og svo Kristján Ebeazar sem hljóp undir bagga með okkur þegar engan þjálfara var að hafa fyrir yngri flokkana í haust. Vil ég þakka þeim fyrir þeirra starf.

Vorönn 2016.

Sindri tók þátt í Íslandsmóti, austurlandsriðli og stóð sig vel. Karlarnir unnu sinn riðil og stúlkurnar enduðu í 5. sæti. Bæði liðin tóku þátt í Öldungamótinu sem haldið var í Garðabæ.

4. fl. stúlkna fór á vormót yngri flokka á Seyðisfirði í apríl og stóð sið vel að venju.

Haust 2016.

Meistaraflokkar karla og kvenna tóku þátt í Íslandsmóti og fóru á Fáskrúðsfjörð í nóvember.

Ekki náðist að halda úti 4. flokki á haustönn eins og undanfarin áður. Aðalástæðan er skortur á góðum þjálfurum og því fór stjórn blakdeildar að leita leiða til að fá menntaðan blakþjálfara til starfa með áherslu á barna og unglिंगastarf. Sú leit skilaði okkur þjálfara frá Spáni sem

kom til starfa um áramótin. Hún heitir Aida Gonzales Vicente og sér hún um alla þjálfun hjá blakdeildinni.

Það er kostnaðarsamt fyrir litla deild að fá erlendan þjálfara til starfa. Því sótti blakdeildin um styrk til Sveitarfélagsins fyrir þetta verkefni enda er stefna þess að hér skuli vera menntaðir þjálfarar og einnig benti starfshópur um íþróttamál, sem var skipaður af fræðslu- og tómstundanevnd, á að helstu ógnanir við íþróttastarf hjá okkur í Sindra væri skortur á góðum þjálfurum. Þessari umsókn var hafnað og er það umhugsunarvert þegar allir eru sammála um að skortur á góðum og menntuðum þjálfurum sé eitt aðal vandamálið í rekstri deilda.

Við náðum samt að klára þetta verkefni með hjálp góðra aðila og vil ég þakka Fanneyju Sveinsdóttur sérstaklega fyrir góða aðstoð og erum við bjartsýn á framhaldið hjá blakdeild Sindra.

Fyrir hönd stjórnar, Páll Róbert Matthíasson.

### **Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra**

Hér verður stiklað á stóru í starfi körfuknattleiksdeildar Sindra starfsárið 2016.

Keppnistímabilið í körfunni er frá september fram í maí ár hvert og spannar því hvert starfsár helming af hvoru keppnistímabilinu fyrir sig.

#### **Stjórn 2016**

Stjórn körfuknattleiksdeildar árið 2016 skipuðu Hjálmar Jens Sigurðsson formaður, Margrét Kristinsdóttir gjaldkeri (kom ný inn), Björgvin Óskar Sigurjónsson ritari og Björgvin Erlendsson meðstjórnandi.

#### **Meistaraflokkur**

Í febrúar 2016 kom hinn Ameríski Eric Benedick til starfa sem þjálfari og leikmaður meistaraflokks. Liðið var í 2. deild en þar gekk því ekki sem skyldi og endaði á því að falla niður um deild. Ástæður þessa voru margar, ungt og óreynt lið ásamt því að mikið los var á leikjaniðurröðun. Mikið var um frestanir á leikjum af hálfu aðkomuliða sem lauk með því að KKÍ endaði mótið án þess að Sindri spilaði þessa frestuðu leiki en fékk einhverja dæmdu sigraða en aðra tapaða. Í kjölfarið var lögð mikil áhersla á það af hálfu Sindra að komið væri í veg fyrir þetta fyrir næsta tímabil.

Tímabilið 2016-17 byrjaði að krafti síðastliðið haust. Fenginn var nýr þjálfari og leikmaður til liðsins að nafni Justin Berry frá San Antonio, Texas. Liðið hélst að mestu óbreytt frá fyrra tímabili en Hallmar Hallsson sneri til baka frá Hetti. Þá var verið að vinna í því að fá Ivan Kecić frá Serbíu. KKÍ setti þetta heimaleikjadagskrá fyrir áramót til að minnka líkur á frestunum. Skemmst er frá því að segja að liðinu gekk mjög vel nú fram að áramótum og sat í efsta sæti taplaust. Einnig komst liðið í 16 liða úrslit Maltbikarsins eftir að hafa fallið naumlega út fyrir 1. deildar liði FSU. Almenn ánægja hefur verið með Justin og hann komið með ferskan blæ



inn í þjálfun liðsins. Flestir leikmenn koma úr 1998 árgangnum og mynda þeir góða blöndu með eldri og reyndari liðsmönnum.

#### Yngri flokkar

Starfið í yngri flokkum var með hefðbundnu sniði á vorönn 2016. 7.flokkur stóð sig vel og vann sig upp í 2. styrkleikaflokk af 5 á síðasta fjölíðamótinu. Drengjaflokkur lauk keppni með um 60% vinningshlutfall, drengirnir sem skipuðu þann flokk voru svo að megninu uppistaðan í meistaraflokki. 1.-5. bekkur var undir handleiðslu Kristjáns Arnar Ebenezarsonar. Strákar og stelpur æfðu saman í þessum flokkum og fóru á Nettómótið og stóðu sig með prýði. Tímabilið endaði svo á uppskeruhátíð í Íþróttahúsinu í maí og tókst hún vel. Í júlí komu svo til okkar þrír landsliðsmenn og voru með kynningu á Íþróttinni og með opna æfingu. Þátttakan í þessum viðburði hefði mátt vera mun betri en líklega spilaði þar inn í sumarfrí bæjarbúa.

Tímabilið 2016-17 fór vel af stað. Kristján Örn sá um þjálfun 1.-4. og 5.-6. bekkjar. Tímabilið byrjaði á því að Höttur kom með sína iðkendur í heimsókn og var gerður góður dagur úr henni með bland af keppni og afþreyingu. 1.-4. bekkur fór svo á Sambíómótið en 5.-6. bekkur keppti í Íslandsmóti í minnibolta 11 ára. 7.-10. bekkur æfði saman en var með skráð lið í 8.flokki í Íslandsmóti. Byrjaði tímabilið á fjölíðamóti hér á Höfn þar sem 4 lið komu í heimsókn. Tókst það mót með sóma.

Sú nýbreytni var í haust að bjóða upp á leikskólabolta fyrir 3-5 ára krakka og var hann í yfirumsjón Kristjáns Arnar Ebenezarsonar með dyggri aðstoð stjórnarmanna og leikmanna Sindra. Æfingarnar sem voru einu sinni í viku tókust með stakri prýði og eru komnar til að vera. Iðkendafjöldi hefur verið upp og niður undanfarin ár og voru um 40 krakkar á árinu 2016 að mæta á æfingar fyrir utan leikskólaboltann.

#### Fjármálin og stuðningur

Rekstur deildarinnar hefur verið í jafnvægi undanfarin ár. Aðal kostnaður deildarinnar er þjálfarakostnaður og þá sérstaklega við erlendan leikmann og þjálfara. Helstu tekjur deildarinnar hafa verið í formi æfingagjalda, sölu á varningi, vinnuframlags til bæjarins og einkaaðila. Til að tryggja enn frekar rekstur deildarinnar var ráðist í ákveðnar fjáraflanir í haust og leitað frekari stuðnings fyrirtækja. Þar að auki var sú nýbreytni að rukka hóflegt gjald inn á heimaleiki meistaraflokks ásamt því að efla sjoppuna. Vill stjórnin koma á þakklæti til þeirra fyrirtækja sem stutt hafa við starfið á einn eða annan hátt. Stærstu styrktaraðilarnir hafa verið, Kaffihornið, Ránarslóð ehf, Hótel Höfn, Landsbankinn, Límtré Vírnet, Sigurður Ólafsson, Pakkhúsið, JM hárstofa og Brunnhóll.

Einnig vill deildin koma á framfæri þakklæti til þeirra sem hafa aðstoðað í sjálfböðavinnu í starfi deildarinnar á einn eða annan hátt t.d. við fjáraflanir, starf yngri flokka, dómgæslu á meistaraflokksleikjum og vinnu við ritaraborð á leikum. Einnig þeim sem hafa komið á leiki meistaraflokks og stutt þannig bæði í orði og á borði við strákana.

Fyrir hönd körfuknattleiksdeildar, Hjálmar Jens Sigurðsson formaður.

## Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra

Kominn var tími á nýjan dans hjá okkur. Hann var því keyptur í upphafi árs og komu þjálfarar frá Hetti til okkar helgina 9/1-11/1 og héldu úti stífum dansæfingum.

Fimleikadeildin óskaði eftir styrkjum til áhaldakaupa og var bréf þess efnis sent til fyrirtækja á svæðinu í nafni framkvæmdarstjóra. Viðbrögð voru lítil en við hlutum góðan styrk frá Rafhorni og Humarhöfninni.

WOW-mótið var helgina 19/2 – 21/2 á Selfossi. Meistaraflokkur (B) Sindra-Hattar tók þátt og lenti í 2.sæti.

Dagana 26/2 – 28/2 var farið á Bikarmót unglunga í hóp fimleikum sem haldið var í Gerplu.

Bikarmót meistaraflokks var haldið í Stjörnunni 5/3 – 6/3 í RVK. Lið Sindra-Hattar (B) tók þátt og lenti í 3. sæti.

Aðalfundur var að venju haldinn í mars og var mæting góð. Á fundinum var óskað eftir ritara í stjórn deildarinnar og bauð Signý Ingvadóttir sig fram í það hlutverk.

Íslandsbankamótið var haldið á Egilsstöðum 16/4, en alls tóku 29 iðkendur þátt frá Sindra.

Í maí var margt í gangi hjá fimleikadeild Sindra. Haldið var innanfélagsmót deildarinnar, krakkarnir stóðu sig mjög vel. Hildur Margrét var kjörinn fimleikamaður Sindra 2016. Fimleikadeildin þakkar Króm og hvítt veittan stuðning. Disney sýning var haldin og fór hún vel fram fyrir fullu húsi af fólki.

Íslandsmót unglunga í hóp fimleikum var haldið í maí. Deildin sendi frá sér 2 lið. Í fyrsta skipti sendi fimleikadeild Sindra frá sér 1.flokks lið í b flokki. Einnig sendum við í fyrsta skipti mix lið. Liðin stóðu sig vel og voru Sindra til sóma.

Einar Smári Þorsteinsson tók við yfirþjálfarastöðunni í maí 2016.

Fimleikadeildin var með eina sýningar atriðið á 17. júní og gekk það mjög vel.

Í sumar voru keypt ný áhöld, trampólín, hest og dansgólf að upphæð kr. 3.512.796.

Ný önn hófst í byrjun september og að venju voru foreldrar boðaðir til fundar. Vel var mætt og var farið yfir komandi önn, mót, þjálfara og fleiri praktísk atriði.

Iðkendum gafst kostur á að kaupa merкта æfingaboli sem allir nýttu sér. Einnig voru teknir í notkun nýir glæsilegir keppnis- heilgallar fyrir iðkendur í 6. bekk og eldri.

Í nóvember sendi deildin 3 lið á bikarmót unglunga sem haldið var í Garðabæ. Gaman er að segja frá því að strákarnir okkar stóðu uppi sem sigurvegarar. Viku seinna sendi deildin frá sér elsta liðið þar sem þær kepptu í glænýjum búningum. Allir stóðu sig með þryði.

Ragnar Magnús, fyrrum yfirþjálfari deildarinnar, hélt stutt fimleikanámskeið í desember sem var vel sótt.

Fyrir áramót var fundað með foreldrum um fyrirhugaða æfingaferð til Ollerup í Danmörku sumarið 2018 fyrir iðkendur fædda árið 2006 og eldri. Mikill áhugi er fyrir því að ferðin verði farin og var skipuð sérstök fjáröflunarnefnd. Vonir standa til að æfingaferð sem þessi verði farin á 3 ára fresti ef vel tekst til.

Fimleikadeildin átti mjög gott ár, með gríðarlega metnaðarfullum og hæfum þjálfurum, sem leggja sig alla fram við að gera starfið fjölbreytt, skemmtilegt en jafnframt krefjandi. Árangur þessa metnaðarfulla starfs hefur sýnt sig í góðum árangri iðkenda árið 2016.

Höfn, 1. mars 2017, Íris Heiður Jóhannsdóttir, formaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Signý Ingvadóttir, ritari og Einar Smári Þorsteinsson, yfirþjálfari

### **Ársskýrsla Sunddeildar Sindra**

Starf Sunddeilda Sindra árið 2016 var á vorönn frá 15. janúar til 15. maí og haustönn frá 15. september til 15. desember. Þjálfari hjá deildinni er Goran Barakov.

Í mars var haldið hið árlega innanfélags páskaeggjamót Sindra. Veitt voru verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sætið og einnig fengu allir páskaegg að móti loknu.

Vetrarstarfinu var slúttað 21. maí með því að fara í fatasund og pizzuveislu á Hótel Höfn auk þess sem allir iðkendur, 19 talsins, voru leystir út með nýjum sundgleraugum.

Farið var á vormót Neista á Djúpavogi 28. maí og þar unnu nokkur Sindra börn til verlauna.

Í júní var boðið upp á forskólasund og var þátttakan góð eða 26 börn úr tveimur elstu árgöngunum úr leikskólunum. Sigurborg Jóna Björnsdóttir og Kristján Örn Ebenezarson sáu um námskeiðið og fengu aðra aðstoðarþjálfara með sér.

Starf sunddeildarinnar hófst aftur um miðjan september með um 20 börnum og lauk starfinu á vorönn um miðjan desember en ekki var farið á neitt mót á haustönn þar sem Birkarmót Neista féll niður vegna lélegrar þátttöku af Auturlandi.

Farið hefur verið í dósasafnanir nokkuð reglulega og hefur það gefið vel og m.a. dekkað kostnað vegna þeirra æfingabúða sem börnin hafa farið í. Einnig hefur sunddeildin tekið þátt í jólakortautburði fyrir jólin í samstarfi við aðrar deildir Sindra.

Höfn, 4. mars 2017, Erla Berglind Antonisdóttir, formaður og Sólrún Sigurjónsdóttir, gjaldkeri

## Skýrsla stjórnar frjálisþróttadeildar Sindra

Stjórnarskipti urðu í mars síðastliðnum og nýjar inn í stjórn komu Sandra Sigmundsdóttir og Anna Björg Kristjánsdóttir. Ingólfur Baldvinsson hélt áfram hjá deildinni en hann hefur verið gjaldkeri deildarinnar í mörg ár.

Erfitt hefur reynst að fá þjálfara hjá deildinni, síðastliðinn vetur var Kristinn Snjólffsson að þjálfra og um sumarið kom Ingvi Ingólfsson en Alrún Stephensdóttir og Áróra Dröfn Ívarsdóttir voru í afleysingum. Áróra tók svo við þjálfun um haustið og fram að áramótum en núverandi þjálfari er Anna Soffía Ingólfssdóttir.

Við höldum tvö mót á árinu. Í fyrsta lagi hina árlegu Sindraleikar á Humarhátíðinni en vegna veðurs voru þeir fluttir inn í Báruna. Góð þátttaka var hjá yngri kynslóðinni þrátt fyrir leiðinda veður. Í lok sumarsins var svo slegið saman í slútt og mót þar sem keppt var í nokkrum greinum í blíðskaparveðri.

Iðkendur tóku þátt í nokkrum mótum en flestir keppendur voru á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi og stóðu þeir sig vel.

Keypt var hlífðardýna á hástökksdýnurnar sem notaðar eru utandyra og hluti af greiðslu fyrir hana var styrkur sem við hlutum frá Rannís. Verið er að byggja hús fyrir hástökksdýnurnar svo hægt sé að hafa þær til taks á vellinum þegar þeirra er þörf og við vonum að það verði tilbúið fyrir sumarið.

Höfn, 4. mars 2017, Anna Björg Kristjánsdóttir, formaður, Ingólfur Baldvinsson, gjaldkeri og Sandra Sigmundsdóttir, ritari

### Starfsskýrsla UMF. Mána fyrir árið 2016

Aðalfundur Mána var haldinn 14. mars og á hann mættu 12 manns. Sú hefð hefur skapast að formaður kemur með skúffuköku á aðalfundi félagsins og ást hún upp að þessu sinni. Stjórnin var endurkjörin og í henni sitja því:

Sveinn Rúnar Ragnarsson, Akurnesi, formaður,  
Sigurður Ragnarsson, Akurnesi, ritari,  
Ásta Steinunn Eiríksdóttir, Árnanesi, gjaldkeri,  
Halldór Einarsson, Þinganesi, meðstjórnandi,  
Sigurður Óskar Jónsson, Stapa, meðstjórnandi.

Björn Ármann Jónsson, Stapa, varamaður,  
Hannes Halldórsson, Þinganesi, varamaður,  
Reynir Ásgeirsson, Seljavöllum, varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru Grétar Már Þorkelsson og Valgerður Egilsdóttir. Vallarstjóri er sem fyrr, Birgir Freyr Ragnarsson.

83. ársþing USÚ var haldið á Hótel Höfn þann 17. mars og á það mættu sex fulltrúar frá Mána.

Stuttu fyrir 17. júní mættu nokkrir Mánamenn á gamla leikvöllinn við Brekkubæ og kláruðu frágang við endurbætur hans frá því í fyrra. Nú eru komin upp tvö hlið sem auðvelt er að ganga um. Einnig voru keypt nokkur útileguborð svo þægilegra sé að halda þarna mannamót. Það er von okkar að nú geti fólk farið að nýta svæðið til ýmiskonar mannamóta og til stendur að vekja athygli leik- og grunnskóla sveitarfélagsins á þessum fallega bletti.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var afar gott, vestlæg átt, nokkuð skýjað og hiti í kringum 13°C. Göngufólkið lagði af stað frá Mánagarði. Gengið var niður að hestamannavelli, norður að hesthúsunum og upp tún austan Austurhóls. Þá var loks komið að gamla leikvöllinum. Þar var skemmtidagskrá auk þess sem farið var í hefðbundna leiki, m.a. pokahlaup, naglaboðhlaup og reiptog. Að lokum voru grillaðar pylsur og auðvitað var karamelluregn. Ágætlega var mætt í gönguna, en enn betur í dagskrána á eftir. Stjórn Mána vill þakka öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá laugardaginn 10. desember s.l. en engin sérstök dagskrá var í kringum það. Jólatréð var keypt af Kiwanisklúbbum Ósi. Í fyrsta skipti var tréð lýst upp með LED ljósum.

Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jól. Almenn ánægja er með útgáfu blaðsins enda er það allt unnið í sjálfboðavinnu. Vetrarganga Mána átti að fara fram 30. desember en vegna dræmrar mætingar var hún felld niður.

Prettándagleði UMF Mána var haldin niður á Völlum föstudaginn 6. janúar og kveikt var í kl. 20:30. Veðrið var með eindæmum fallett og vel tókst að láta bálköstinn loga. Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu sem var hápunktur kvöldsins.

*Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður U.M.F. Mána*

### **Skýrsla stjórnar Akstursfélags Austur-Skaftafellssýslu (ASK)**

Árið 2016 var starf félagsins í mikilli lægð. Ekki hafði fengist starfsleyfi á akstursbraut félagsins vegna hávaðamengunar og því útséð að hana þyrfti að færa eða fara í kostnaðarsamar aðgerðir til að minnka hávaðann. Stjórnin vann að því á árinu að finna nýtt brautarstæði með Sveitarfélaginu. Búið er að finna brautinni stað og nú er unnið í deiliskipulagsvinnu og öðru sem því fylgir. Vonast er til að byrjað verði að vinna í brautinni síðsumars. Félagið hefur not af brautinni við Drápskletta til æfinga og skemmtunar þar til ný braut verður komin í gagnið og hefur brautin fengið lágmarksviðhald á árinu.

Nokkrir strákar voru þó að hjóla á crosshjólum sl. sumar. Þrír keppendur voru frá ASK á Íslandsmótinu í motocrossi, einn í kvennaflokki og endaði hún fjórða sæti til Íslandsmeistara og tveir í 85cc flokki og kláruðu þeir í þriðja og sjötta sæti.

Einu sinni var haldin grillveisla í brautinni og var það vel sótt og skemmtilegt.

Jón Kjartansson, formaður stjórnar

### Starfsskýrsla UMFÖ

Hólmfríður Guðlaugsdóttir stýrði gönguhóp Ungmennafélagsins og fyrsta ganga ársins var þann 9. janúar. Ellefu manns mættu; gengið var að Svartafossi, þaðan í Hæðir þar sem Regína og Klaus buðu upp á hressingu og endað með gestagötunni niður Gömlu tún.

22. janúar var síðan gengið um Skeiðarársand þar sem mestur skógurinn er að koma upp og þaðan gengið að Skeiðará þar sem hún rennur vestur með jöklinum. Í gönguna mættu sex manns.

Aðalfundur UMFÖ var haldinn eins og lög gera ráð fyrir og einnig fór Halldóra Oddsdóttir á USÚ þingið.

Í apríl var samstarfsverkefni Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins Bjarkar í Öræfum þar sem tekið var á móti góðum gestum. Þar voru á ferð kvenfélagskonur að austan í skemmtiferð og var virkilega gaman að geta boðið þeim upp á léttar veitingar og samveru.

Ungmennafélagið keypti íþróttahöld fyrir Hofgarð, af og til er gott að bæta við búnað sem nýtist krökkunum þar.

11. júní stóðu Lydía Angelíka Guðmundsdóttir og Svanhvít Helga Jóhannsdóttir fyrir sumarballi í Hofgarði. Þær fengu féлага í Ungmennafélaginu Mána til að annast dyravörsluna og þetta var mjög vel heppnað ball, allir virtust skemmta sér vel.

17. júní var útisamkoma í Svínafelli. Sigrún og Lóa voru við stjórnvölinn í gönguferð og leikjum, en þarna ríkti sannur ungmennafélagsandi og allir hjálpuðust að, t.d. lögðust margir Svínfellingar á árarnar og bættu við fróðleik um örnefni og sögur af svæðinu. Hólmfríður sá um að grilla pylsur og virk þátttaka var í leikjunum. Veðrið lék við gestina og mætingin var góð, margir tugir sveitunga og fleiri gesta á öllum aldri skemmtu sér saman.

11. nóvember sáu Dóra Guðrún Ólafsdóttir og Eva Bjarnadóttir um handverkskvöld í Hofgarði. Þangað var ágætlega mætt; sumir tóku með sér handavinnu, aðrir föndruðu við teikningar og að sjálfsögðu voru sumir sem létu sér nægja að spjalla. Þetta var skemmtileg kvöldstund.

28. nóvember sá Eva Bjarnadóttir um bókamessu í Hofgarði. Þangað mættu systurnar Sigrún og Jónína til að kynna *Brotagull*, bók ömmu sinnar Helgu Sigurðardóttur frá Malarási. Sváfnir Sveinbjörnsson kynnti bók sína *Á meðan straumarnir sungu*, Guðmundur Óli Sigurgeirsson kynnti bók sína *Við ána sem ekki var*, Bjarni Harðarson bókaútgefandi kynnti endurútgefna bók Ásgeirs Jónssonar í Gottorp: *Forystufé* og Steinunn Harðardóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir kynntu bókina *Heiða-fjalldalabóndinn*. Bækurnar voru kynntar með upplestri og

söng og síðan voru kaffiveitingar. Bókamessan var vel sótt og góður rómur gerður að dagskránni.

27. desember stýrðu Sigrún og Lóa um jólatréssemmtun í Hofgarði. Undirbúninginn önnuðust Gissur Gunnarsson, Páll Sigurgeir Guðmundsson, Stefán Freyr Jónsson og Sunneva Björk Helgadóttir. Gengið var í kringum jólatré og Þorlákur Magnússon sá um undirleikinn; of langt yrði að telja upp alla þá sem sáu um söng og dans því það voru nánast allir í salnum.

F.h. stjórnar UMFÖ, Sigrún Sigurgeirsdóttir

### **Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Hornafjarðar**

Starfsemi klúbbsins var öflug árið 2016.

Félagar í klúbbnum eru 79. Stjórnarfundir voru X á árinu, auk óformlegra funda stjórnar kringum ýmsar framkvæmdir. Verkefni stjórnar sneru að framkvæmdum við nýja vélargeymslu og að öðrum framkvæmdum á vellinum og golfmótum sem nánar verður vikið að hér að neðan. Síðasti aðalfundur var haldinn 29. mars.

Í stjórn eru: Gísli Páll Björnsson, formaður, Anna Halldórsdóttir gjaldkeri, Gestur Halldórsson og Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnendur og Sæmundur Helgason ritari. Ólafía Gísladóttir og Sigurður Ægir Birgisson eru í varastjórn. Í mótastjórn eru: Bjarnar Karlsson, Björn Sigfinnsson, Guðmundur Borgar, Haraldur Jónsson, Óli Kristján Benediktsson, Friðrik Ólafsson og Sigurður Guðnason.

Óli Kristján Benediktsson sá að venju um hirðingu vallar og eru honum færðar þakkir fyrir gott utanumhald og vel hirtan völl.

Framkvæmdir voru nokkrar á árinu. Hæst ber að vegleg vélarskemma reis við golfskálann. Verkið var unnið af Geir Þorsteinssyni. Jarðvinna var unnin af Jóni Kjartanssyni. Félagsmenn komu víða að verkinu í sjálfboðavinnu og fá þeir þakkir fyrir óeigingjarnt starf. Að öðrum ólöstuðum þá ber að þakka Magnúsi Jónassyni og Gísla Páli Björnssyni sérstaklega fyrir alla þá miklu vinnu sem þeir hafa á sig lagt.

Af öðrum framkvæmdum þá ber að nefna að skeljasandur var settur í fjóra bönkera. Í vor voru teknir í notkun grasteigar á 3. og 9. teig og leystu þeir af hólmi gervigrasteiga sem þar voru. Vegurinn milli 3. og 4. teigs var lagaður í maí, eftir skemmdir sem urðu fyrir áramót í miklum vatnságangi. Flatir voru gataðar og sandaðar.

Mót voru 26 í allt. Nettómótin voru 14 og Paramót Húsasmiðjunnar voru 5. Einnig voru haldin hvítasunnumót, Landsbankamót, Humarhátíðarmót, Minningarmót um Gunnar Hersir, Meistaramót, Jöklamót. Þátttaka var mismunandi góð eftir mótum og mótaroðum.

Sveitakeppni Austurlands átti að halda hér á heimvelli í lok júlí, en keppnin féll niður sökum ónægðar þátttöku.

Rögnvaldur Magnússon golfkennari var með golfkennslu 1.-4. júní og var aðsókn góð og ánægja með kennsluna. Einkar ánægjulegt var að sjá fjölda barna og unglunga sem nýttu sér kennsluna. Það skemmdi alls ekkert fyrir að veðrið lék við nemendur og kennara alla vikuna.

Við óskum ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 7. febrúar 2017, Stjórn GHH.

### **Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings, starfsárið 2015-2016.**

Aðalfundur Hornfirðings var haldinn 7. janúar 2016. Janúar 2016 í Stekkhól, alls mættu um 25 manns. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn félagsins á fundinum; Pálmi Guðmundsson formaður, Gunnar Þorsteinsson ritari, Gunnar Ásgeirsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn voru kjörin, Ásmundur Ásmundsson og Inga Stumpf. Aðrir í stjórn sem áttu eftir 1. ár af kjörtíma sínum eru, Lena Hrönn Marteinsdóttir gjaldkeri og Janine Arens meðstjórnandi. Í framhaldi af aðalfundi voru valdir félagar í starfsnefndir og formenn til að stýra þeim. Í öllum nefndum er minnst einn fulltrúi úr stjórn félagsins til að tryggja sem best upplýsingaflæði milli stjórnar og annara sem starfa í nefndunum.

- Mótanefnd, Gunnar Ásgeirsson formaður
- Vallar- og girðingarnefnd, Olgeir Ólafsson formaður
- Útreiðarnefnd, Jón Birkir Finnsson formaður
- Æskulýðsnefnd, Snæbjörg Guðmundsdóttir formaður
- Reiðveganefnd, Páll Guðmundsson formaður
- Fjáröflunar- og veitinganefnd, Geir Þorsteinsson formaður

Undanfarin tvö ár hefur Snæbjörg Guðmundsdóttir, Snæsa, verið með reiðnámskeið í fyrir börn og unglunga á grunnskólaaldri. Sérstakur kynningardagur var í reiðhöllinni þann 21. nóvember en þá mætti Snæsa og hennar aðstoðarfólk með hesta í til að kynna vetrarstarfið og ræða við nemendur og foreldra. Boðið var upp á klementínur, piparkökur, safa og kaffi í boði hestamannafélagsins og þeir sem vildu fengu að fara á hestbak. Námskeiðið hjá Snæsu byrjaði í desember og var haldið um helgar í samtals 10 skipti fram á vor og krökkum var skipt í hópa, minna vanir og meira vanir. Alls tóku þátt 25 börn á grunnskólaaldri. Námskeiðið var niðurgreitt af sveitarfélaginu, eins og annað íþróttastarf og hestamannafélagið færði krökkunum fróðlega bók sem heitir "Heimur hestsins". Í lokin hélt annar hópurinn (minna vanir) sýningu í reiðhöllinni og sýndu foreldrum og öðrum gestum hvað þau höfðu lært um veturinn. Hinn hópurinn (meira vanir) valdi að fara í útreiðatúr í Borgarhöfn í Suðursveit hjá Snæsu og Frikka. Mikil vinna og fyrirhöfn liggur að baki þessum námskeiðum hjá Snæsu, það þarf að járna, þjálf og undirbúa og velja hesta fyrir alla þátttakendur á námskeiðinu og síðan þarf að flytja þá á milli í hvert skipti þegar haldið er námskeið. Mikilvægt er að finna leiðir til að geta haldið áfram þessu frábæra æskulýðsstarfi sem Snæsa hefur komið af stað í hestamannafélaginu.



Í vetur komu félagar saman í Stekkhól til að fylgjast með beinni útsendingu frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum á Stöð 2. Fyrsta beina útsendingin var í lok febrúar og síðan á tveggja vikna fresti fram í apríl. Á boðstólnum var súpa og brauð, kaffi öl og gos. Góð stemning myndaðist á þessum kvöldum og fjöldi félagsmanna var 10 - 20 manns.

Aðalfundur Félags hrossabænda - Hornafjarðardeildar var haldinn 29. janúar, gestir fundarins voru Dr. Þorvaldur Kristjánsson ábyrgðarmaður hrossaræktar RML og Sveinn Steinarsson formaður félags hrossabænda. Daginn eftir var haldin folaldasýning í reiðhöllinni þar sem sýnd voru þar sem 60 manns mættu á staðinn til að fylgjast með stjörnum framtíðarinnar hjá ræktendum í Hornafirði. Alls voru sýnd 30 folöld og 10 tryppi. Eftir sýninguna var komið saman í Stekkhól og borðuð gullash súpa, brauð, kaffi og konfekt.

Námskeið var haldið í reiðhöllinni með Svanhildi Hall reiðkennara og kynbótadómara 6-7. febrúar, fyrst var fyrirlestur í Stekkhól um meðhöndlun og mat á hrossum. Eftir það gátu þátttakendur komið með unghross í byggingarmat hjá Svanhildi og hún bauð einnig upp á reiðkennslu í reiðhöllinni á sunnudeginum.

Nokkrir félagar úr Hornfirðingi fóru í keppnisferð með hesta sína á Ístölt Austurlands sem haldið var 21. febrúar á Móatjörn við Tjarnarland, alls tóku þátt 12 hestar og 6 knapar frá Hornfirðingi. Helstu úrslit hjá okkar fólki, voru eftirfarandi; í B-flokki 2. og 6. sætið, í A-flokki. 2., 3., og 5. sætið. Í tölti opnum flokki 4. sætið og í tölti áhugamannaflokki, 5. sætið, en alls tóku 3 félagar í Hornfirðingi þátt í þessum flokki. Keppt var í frábæru vetrarveðri og eiga Freyfaxafélagar og ábúendur á Tjarnarlandi þakkir skildar fyrir góðar móttökur og ánægjulega keppni á ísnum.

Þann 25. febrúar var haldin hnakkakynning í reiðhöllinni, Benedikt Línal kynnti nýja og eldri hnakka frá Benni's Harmony. Boðið var upp á að koma með eigin hest og prófa mismunandi gerðir hnakka. Hestamannafélagið leigði aðstöðuna í reiðhöllinni undir fjárhundanámskeið helgina 18.-19. mars og hentaði aðstaðan vel fyrir þessar æfingar að sögn þeirra sem stóðu að námskeiðinu.

Þann 23. mars voru fyrstu vetrarleikar félagsins haldnir í reiðhöllinni, keppt var í töltfimi, Smala/þrautabraut og ölreið. Hátt í 100 manns mætti á staðinn, knapar, starfsmenn og áhorfendur. Þessir vetrarleikar eru virkilega skemmtilegir, jafnt fyrir unga sem aldna. Ýmsir félagar sýndu snilldartakta í þrautabrautinni og gáfu ekkert eftir í keppninni um besta tímann í gegnum þrautabrautina

Páskareið var haldinn á Föstudaginn langa, þann 25. mars, hjá þeim feðgum Ómari Inga og Ómari Antons á Horni og eftir góðan útreiðartúr með ströndinni var komið við í Víkingakaffinu þar sem boðið var upp á rjómvöflur og kaffi. Alls mættu 33 reiðmenn með samtals 40 hross. Útreiðarnefnd stóð líka fyrir ferð í Hrísey og Flangey þann 30. apríl, fararstjórar voru félagarnir Öddi Tobba, Gunnar og Geir Þorsteinssynir.

Firmakeppni Hornfirðings var haldinn 2. júní og var góð þátttaka hjá styrktaraðilum.

Haldið var vinnukvöld í Stekkhól og hestavelli þann 8. júní þar sem aðstaðan var undirbúin fyrir félagsmót. Félagsmót Hornfirðings var síðan haldið dagana 11. - 12. júní og um leið var haldin úrtaka fyrir Landsmót á Hólum árið 2016. Árleg Skógeyjarútreið var á laugardagskvöldinu og síðan var veglegt kaffihlaðborð í Stekkhól á sunnudeginum í tilefni af 80 ára afmæli Hornfirðings. Fjöldi skráninga á mótinu var í minna lagi en margir góðir knapar og frábærir hestar komu fram og unnu sér rétt til þátttöku á Landsmótinu. Knapi mótsins var Hildur Árdís Eyjólfsdóttir og hestur mótsins var Magni frá Hólum.

Í félagsheimilinu Stekkhól var einangrað gólf, lagðar hitalagnir og parket í sal. Einnig er stefnt að því að fjármagna kaup á varmadælu og nýtt ofnakerfi í Stekkhól svo hægt sé nýta húsið betur til útleigu fyrir ýmisskonar veisluhöld, fundi ofl. Einnig er áhugi fyrir því að ljúka sem fyrst framkvæmdum við reiðhöll og hesthús tengt reiðhöll svo hægt sé að auka notagildi reiðhallarinnar og efla hestamennsku hjá félaginu.

Landsmót hestamanna haldið að Hólum í Hjaltadal dagana 27. júní - 3. júlí 2016. Góð mæting var frá Hornfirðingi og átti félagið rétt á tveimur fulltrúum í hverri keppnisgrein. Hornfirðingur var ekki með fulltrúa í barnaflokki en í unglingsflokki kepptu Hildur Árdís Eyjólfsdóttir á Von frá Bjarnanesi, og Matthilde Damgaard Jansdorf á Trommu frá Bjarnanesi. Í ungmennaflokki kepptu Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir á Trú frá Ási og Ayla Green á Freistingu frá Holtsenda. Í A-flokki keppti Styrkur frá Bjarnanesi, knapi Friðrik Hrafn Reynisson. Í B-flokki keppti Magni frá Hólum, knapi Sigurður Óli Kristinsson. Einnig tóku þátt, hestar frá félagsmönnum í Hornfirðingi, í kynbótasýningum á mótinu og þar ber hæst árangur Organista frá Horni, knapi Árni Björn Pálsson, en þeir stóðu efstir í 6 vetra flokki stóðhesta og vakti framgangna þeirra mikla athygli. Einnig komu fram þrjár hryssur á kynbótasýningunni, Marín frá Lækjarbrekku í 6 vetra flokki, Sara frá Lækjarbrekku í 5 vetra flokki og Næla frá Lækjarbrekku í 4 vetra flokki.

Nokkrir félagar úr Hornfirðingi fóru á hestamannamót Kóps við Kirkjubæjarklaustur þann 14. ágúst og voru í verðlaunasætum í flestum flokkum. Vonandi getur skapast hefð fyrir því að mæta á mót hjá nágrönnum okkar í vestri og eins væri gaman að fá heimsókn frá þeim til Hornafjarðar á einhvern hestaviðburð.

Landsþing Landsambands hestamanna var haldið í Stykkishólmi dagana 14. -15. október. Fulltrúar Hornfirðings á fundinum voru Pálmi Guðmundsson formaður og Bryndís Hólmarsdóttir fyrrverandi formaður félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Hornfirðings þakkar formaður félagsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og vonast eftir öflugum félagsstarfi á nýju starfsári.

---

**Skýrsla hafði ekki borist frá Skotfélagi Austur – Skaftafellssýslu þegar ársritið fór í prentun.**

**Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók saman.**